



Fundargerð

Svæðisráð vestursvæðis - 71. fundur svæðisráðs vestursvæðis haldinn í Hvolnum, Hvolsvelli, 22. febrúar 2019, kl. 16:00.

Fundinn sátu:

Erlingur Freyr Jensson varaformaður, Heiða Guðmundsdóttir svæðisráðsfulltrúi, Ólafía Jakobsdóttir fulltrúi náttúruverndarsamtaka, Hákon Gunnarsson fulltrúi útivistarfélaga, Sveinn Hreiðar Jensson fulltrúi ferðaþjónustunnar, Sandra Brá Jóhannsdóttir varamaður, Fanney Ásgeirsdóttir þjóðgarðsvörður, Jóna Björk Jónsdóttir aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar, .

Fundargerð ritaði: Fanney Ásgeirsdóttir, þjóðgarðsvörður.

1. Vestursvæði - af vettvangi stjórnar - 1805025

Varaformaður fer yfir helstu mál af nýliðnum stjórnarfundi þann 18.2.

Farið yfir helstu atriði af nýliðnum stjórnarfundi 18.2. Svæðisráði falið að fjalla um málefni Vonarskarðs, sjá fundargerð aðalfundar. Varaformaður óskar eftir að taka þau inn á dagskrá. Einnig er vísað til svæðisráðs að skila umsögn varðandi fyrirspurn Forsætisráðuneytis um möguleg kaup á jörðunum Heiði og Þverá í Skaftárhreppi.

2. Vestursvæði - fréttabréf - 1805022

Þjóðgarðsvörður lagði fram nýtt fréttabréf vestursvæðis og ársskýrslu fyrir svæðið 2018, þá fyrstu sem gerð er á vestursvæði.

Fréttabréf og ársskýrsla 2018 lögð fram.

3. Vonarskarð - 1709013

Málið sett á dagskrá á fundi, að beiðni varaformanns, skv. bókun stjórnarfundar 18.2.2019.

Svæðisráð fjallar um málefni Vonarskarðs skv. ósk stjórnar, á grundvelli minnisblaðs Alta og annarra fyrirliggjandi gagna. Niðurstaða umræðu er að engin gögn hafi komið fram sem hnekki fyrri ákvörðun svæðisráðs. Fulltrúar sveitarfélaga, ferðamálasamtaka og náttúruverndarsamtaka í svæðisráði eru samþykkir því að halda sig við fyrri ákvörðun svæðisráðs sem kemur m.a. fram í eftirfarandi tilvitnun í fundargerð:

"Meirihluti svæðisráðs vestursvæðis leggur því til við stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs að við þriðju útgáfu Stjórnunar- og verndaráætlunar verði tillögum sérfræðingateymis sem vann skýrslu um Vonarskarð árið 2013 fylgt. Í þeirri skýrslu leggur teymið til að Vonarskarð njóti

verndar sem óbyggðir (Wilderness Area) í flokki Ib samkvæmt viðmiðunum Alþjóðanáttúruverndarsamtakanna (IUCN) en ekki sem skipulagssvæði innan verndarflokks II

eins og það er nú. Í Hvítbók um náttúruvernd eru svæði í verndarflokki Ib venjulega stór landeða hafsvæði sem eru lítt eða ekki mótuð af mannum og haldið hafa sínum

náttúrulegu

eiginleikum og áhrifum. Þar er ekki varanleg eða umtalsverð búseta. Verndun og stjórnun svæðanna miðar að því að varðveita náttúrulegt ástand þeirra (bls. 229). Telur meirihluti svæðisráðsins þetta eiga við um Vonarskarð.

Meirihluti svæðisráðsins vill jafnframt að umferð vélknúinna ökutækja í gegnum Vonarskarð

verði áfram óheimil milli Svarthöfða og Gjóstuklifs nema á frosinni og snævipakinni jörð í samræmi við almenna skilmála um vetrarakstur."(sjá fundargerð 20.12.2016)

Fulltrúi SAMÚT bókar enn á ný mótmæli við meirihlutaákvörðun svæðisráðs.

4. FOR - Þverá_Brattland í Skaftárhreppi boðin til kaups - 1902007

Fyrirspurn frá forsætisráðuneyti vegna hugsanlegra kaupa á jörðinni Þverá/Brattland í Skaftárhreppi.

Mótuð umsögn vegna fyrirspurnar forsætisráðuneytis. Umsögn færð í skjalakerfi.

5. FOR - Heiði á Síðu í Skaftafellhreppi boðin til kaups - 1902006

Fyrirspurn frá forsætisráðuneyti vegna hugsanlegra kaupa á jörðinni Heiði á Síðu í Skaftárhreppi. Óskað er eftir umsögn þjóðgarðsins.

Mótuð umsögn vegna fyrirspurnar forsætisráðuneytis. Umsögn færð í skjalakerfi.

6. Vestursvæði - starfsmannahald - 1805015

Fréttir af umsóknum og ráðningum sumarstarfsmanna

Þjóðgarðsvörður kynnti stöðuna í sumarráðningum. Þessa dagana er verið að tala við umsækjendur. Langstærstur hluti starfsmanna síðustu sumra skilar sér til okkar aftur og því er ekki mikið um nýráðningar. Enn höfum við ekki fengið staðfesta rekstraráætlun fyrir svæðið 2019 í hendur og því ekki hægt að klára ráðningarmál að öllu leyti en mannaflapörf liggur fyrir. Við gerum ráð fyrir að ráða þann fjölda sem lagt var upp með í áætlun fyrir svæðið, lengd starfstímabíla ræðst svo af endanlegu fjármagni.

Við gerum ráð fyrir að fyrirhugað samstarf við UST, varðandi Fjaðrárgljúfur gangi í gildi í vor en yfirmenn stofnananna hafa ekki náð að ganga frá samkomulaginu.

7. Gestastofa við Kirkjubæjarklaustur - 1805024

Fréttir af málefnum gestastofu

Ekkert hefur frétt nýtt af málefnum gestastofunnar, svör frá Framkvæmdasýslu eru að beðið sé eftir að útboðsgögn skili sér til þeirra.

8. Atvinnustefna - 1709017

Þjóðgarðsvörður sagði frá fyrirhuguðum samráðsfundi á svæðinu í tengslum við gerð atvinnustefnu VJP. Fundurinn verður haldinn nk. miðvikudag, 27.feb, í Vík í Mýrdal.

9. Vestursvæði - samstarf - 1810012

Samstarfsverkefni VJP, UST, Vegagerðar og Lögreglu. Málþing um akstur á hálendi Íslands.

Þjóðgarðsvörður kynnti fyrirhugað málþing á Selfossi nk, miðvikudag.

Fundi slitið kl. 18:45.